

Fundargerð 14. sept.

4. Stjórnarfundur Íslenska málfræðifélagsins

Mættir: Haraldur, Ásta, Bjarki Már, Margrét, Theódóra, Veturliði, Höskuldur, Þóra, Sigrún

Mál á dagskrá:

1. Afmælisrannsóknaræfing 1. desember

Nýtt nafn verður Afmælishátíð. Fáum Höskuld, Jón Friðjónsson og Kristján Árnason til að opna hátíðina. Höfum kvöldverðarboð. Spurning um að hafa þetta 4. des. Allir eru sammála því. Auglýsum með góðum fyrirvara. Þurfum að finna stað til að halda þetta. Má gera ráð fyrir 30 - 40 manns. Má athuga með Lækjarbrekku, Kaffi-Reykjavík, Fríkirkjusafnaðarheimilið, Tapas-barinn. Nefnd verður stofnuð sem mun ganga í málið.

2. Fyrirlestrar á önninni og málvísindakaffi

Bjarki hratt af stað fyrirlestrum þar sem hægt er að koma með fyrirlestra þar sem spjallað verður um efnið og hægt er að fá endurgjöf frá áheyrendum. Sent á lokaðan hóp en ekki auglýst opinberlega. Það þarf að láta vita að þetta eru ekki fyrirlestrar heldur er þetta meira spjall. Bjarki ætlar að vera fundarstjóri til að halda utan um fundina. Varðandi aðra fyrirlestra á vegum ÍMF þá voru fundargestir beðnir um að koma með tillögur að fyrirlesurum til að halda fyrirlestra á önninni. Hafa einu sinni í mánuði stóra fyrirlestra í 30-40 mín. Væri gott að hafa fyrsta miðvikudag mánaðarins milli 16-17.

3. Íslenskt mál 31

Er væntanlegt. Verða smávægilegar breytingar á letri og uppsetningu. Félagið ætlar að athuga með það að borga fyrir nýtt letur til að auðvelda prentun.